



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Til sveitarstjórnar

Reykjavík 9. maí 2023
Tilv.: IRN23010112/4.11.1

Efni: Almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar. Í 79. gr. segir að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningssskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal nefndin hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Að auki gildir reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Með hliðjón af hlutverki EFS þá hefur nefndin sett sér starfsáætlun fyrir árið 2023 þar sem fram kom helstu áhersluatriði nefndarinnar fyrir árið. Nefndin telur mikilvægt að sveitarstjórnir séu upplýstar um áhersluatriði nefndarinnar til að hægt sé að hafa þau til hliðsjónar og er það gert með bréfi þessu. Á árinu 2023 verða eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar vegna eftirlits með fjármálum sveitarfélaga:

1. Yfirferð ársreikninga 2022 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
2. Yfirferð fjárhagsáætlunar 2023-2026 og samanburður við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga og fjárhagsleg viðmið EFS.
3. Yfirferð á endurskoðunarskýrslum 2022 en þar koma fram upplýsingar um fjármál og fjármálastjórn og lúta að hlutverki EFS í 79. gr. sveitarstjórnarlaga um almennt eftirlit með að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur.
4. Skoðun á framsetningu varðandi reikningssskil skv. gr. 60 og fjárhagsleg áhrif, meðal annars vegna byggðasamlaga.
5. Yfirferð á fjármálum A-hluta með tilliti til fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga og samspils við B-hluta fyrirtæki.

Vegna fjárfestinga minnir eftirlitsnefndin á ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Þar segir að áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðrar skuldbindingar sem nema hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum er skylt að gera mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Í því sambandi áréttar nefndin að átt er við heildarkostnað framkvæmdarinnar en ekki einungis þann hluta sem til fellur á viðkomandi ár og að í heildarkostnaði er átt við kostnað sem felst í notkun framkvæmdar eða við þá þjónustu sem þar er áformað að veita.

Sveitarstjórnir er jafnframt hvattar til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir

frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson